


VILJAYFIRLÝSING

„Kröfur er varða úrgangsmál, bæði yfirvalda og íbúa, verða sífellt flóknari og strangari. Því er mikilvægt að stöðugt sé leitað hagkvæmra og umhverfisvænna leiða við meðhöndlun úrgangs. Úrgangur er málefni allra og því nauðsynlegt að sorpsamlögin á svæðinu sameinist um lausnir eins og kostur er, þ.e. að hver og einn leggi sitt til lausna sem nýst geti öðrum. Þannig verði hámarks hagkvæmni náð um leið og sem minnst umhverfisleg áhrif úrgangsmeðhöndlunar verða tryggð. Stjórnir SORPU bs., Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf., Sorpstöðvar Suðurlands bs., og Sorpurðunar Vesturlands hf., lýsa því yfir eindregnum vilja bessara aðila til að vinna enn frekar að samstarfsmálum, og mögulega eftir atvikum sameiningarmálum, bessara félaga með hagsmuni heildarinnar í huga.“

Í framhaldi af samþykkt þessarar yfirlýsingar verði unnið eins hratt og kostur er við að greina hvaða lausnir hvert sorpsamlag getur lagt til á sínu svæði, með það að markmiði að sem flestar þessara lausna verði tilbúnar eða undirbúningur þeirra langt kominn fyrir árslok árið 2020.

Reykjavík 26. apríl 2018


f.h. Sorpurðunar Vesturlands hf.



f.h. Sorpstöðvar Suðurlands bs.



f.h. Sorpeyðingarstöðvar suðurnesja sf.



f.h. SORPU bs.

